

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliða, Hörður Oddfríðarson, Viktoría Gísladóttir og Hilmar Örn Jónasson

Afboða, mæta ekki : Emil Örn Harðarson móta- og miðlunarstjóri, Leifur Guðni Grétarsson, Júlía Þorvaldsdóttir og Elsa María Guðmundsdóttir, Oddur Örnólfsson,

Fundur 24.11.2021 settur kl. 18.00. Fundurinn var fjarfundur

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

2. Mót og starfsemi

- a. ÍM25 var haldið í Ásvallalaug daganna 12. – 15. nóv. Mótið gekk mjög vel og mörg met voru sett og mörg lágmörk náðust. Skipulag og undirbúningur mótsins tóks mjög vel og eiga hlutaðeigandi aðilar miklar þakkir skildar fyrir framlag sitt.
- b. Lögð hefur verið aukin áherslu á streymi á mótum síðastliðna mánuði og ár. Á ÍM25 var kynnt til leiks ný tækni þar sem að úrslit og annað birtist jafn óðum á skjánum sem gerir upplifun áhorfenda miklu betri. Fólk kann greinilega vel að meta þessa nýju tækni enda voru yfir þúsund áhorf á hvern hluta.
- c. Meira af miðlun en á ÍM25 var fengin til liðs við okkur kvikmyndatökumaður sem tók viðtöl við keppendur og gerði einnig stiklur eftir mótið sem dreift var um samfélagsmiðla. Þessar klippur fengu mikið áhorf og vöktu mikla athygli og munu án efa efla ímynd íþróttarinnar út á við auk þess að vera góð heimild fyrir félögin og keppendur.
- d. Sundátakið „Syndum“ er í fullum gangi en það er samstarfsverkefni alemningsdeildar ÍSÍ og SSÍ. Þátttaka í verkefninu hefur verið góð og hafa vel á annað þúsund manns skráð sig til leiks. Átakið hefur vakið mikla athygli í fjölmiðlum og einnig verið áberandi í auglýsingum.
- e. Starfshópur um mótamál innan SSÍ hittist í vikunni og var farið yfir fundargerð hópsins. Hugmyndir eru á lofti með að úthýsa öllum mótum SSÍ til félaganna og verið að er ræða fyrirkomulag og verklag í kringum það. Hópurinn mun hittast aftur og fara þær hugmyndir sem komið hafa upp.
- f. Verið er að vinna í fjárhagsáætlun fyrir afreksjód fyrir næsta ár auk þess er verið að klára 10 mánaða milliuppgjör fyrir sem skila þarf inn til ÍSÍ.
- g. Rætt var um reglur varðandi félagaskipti. Formaður og framkvæmdastjóri munu skoða yfir relglugerð um félagaskipti og hnykkja á orðalagi í því sambandi ef þurfa þykir.
- h. Næsta mót er Bikar í Reykjanesbæ 17 og 18. desember. Búið er að senda út upplýsingar um mótið og óska eftir skráningum.

3. Afreksmál

- a. EM25 var haldið í Kazan 2. – 7. nóvember. Eins og áður hefur komið fram sendum við 3 keppendur til leiks. Árangur var góður og náðu Anton Sveinn og Snæfríður Sól að synda sig inn í undanúrslit í sínum sterkustu greinum og Steingerður náði að bæta sína tíma.
- b. Búið er að skipa í landsliðshópa eftir ÍM25. Landsliðshóparnir skipast í eftirfarandi flokka og innihalda 27 einstaklinga.
 - Unglingalandslið 18 einstaklingar
 - Úrvalshópur 4 einstaklingar
 - Afrekslandslið 11 einstaklingar
- Einn og sami einstaklingurinn getur verið í tveimur flokkum hér að ofan.
- c. Vinnuhópur er að störfum varðandi AMÍ og SMÍ. Kynning verður á niðurstöðum hópsins 24. nóv fyrir hreyfingunni. Hópurinn skipa: Arna Þórey, Eyleifur, Hilmar Smári, Kjell og Mladen. Hópurinn hefur fengið faglega ráðgjöf víða um hreyfinguna á meðan þessari vinnu hefur staðið
- d. Það eru mörg verkefni framundan næstu mánuði og þau helstu eru:
 - HM25 í Abu Dhabi 13.- 22 des 2021. Eftirfarandi sundfólk og starfsmenn fara í verkefnið

Nafn	Félag	Greinar
Jóhanna Elín Guðmundsdóttir	SH	50, 100m skrið, 50, flug
Eyleifur Jóhannesson	SSÍ	Fararstjóri og þjálfari

- Anton Sveinn og Snæfríður Sól hafa einnig náð lágmarkum á HM25 en taka ekki þátt að þessu sinni vegna álags í verkefnum undanfarið.
- e. NM verður haldið 3-5. des í Stokkhólmi. 15 sundmenn hafa náð lágmarkum fyrir mótið og 11 sundmenn munu fara þangað. Klaus, Karl, Eyleifur og Bjarney munu fara með hópnum. Fundarð verður með hópnum mánudaginn 29. nóv í Ásvallalaug.
- f. Næsta æfingahelgi framtíðarhóps er áætluð 15-16. janúar 2022. Hópur verður tilkynntur í desember.
- g. Æfingabúðir landsliðshópa á Tenerife í 2.-12. febrúar. 22 einstaklingar munu taka þátt. Þjálfarar í ferðinni verða Eyleifur, Kjell og Guðmundur.

4. Fundargerðir nefnda

- 106 fundur Dómaranefndar
- Fundargerð starfshóps um mótamál

5. Félagaskipti

Nafn: _____ Fyrri félag: _____ Nýtt félag: _____ dags. mótt. _____ Tekur gildi _____
Engin félagaskipti lágu fyrir fundinum.

6. Staðfesting meta

50 metra laug

Grein: **Nafn:** **Félag:** **Tími:** **Dags:** **Staður:**
Engin met lágu fyrir fundinum

25 metra laug

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
Piltament					
100m bringusund	Daði Björnsson	SH	01:01:90	12.11.2021	Hafnarfj
100m bringusund	Daði Björnsson	SH	01:01:60	12.11.2021	Hafnarfj
100m flugsund	Fannar Snævar Hauksson	ÍRB	00:55:66	12.11.2021	Hafnarfj
100m flugsund	Birnir Freyr Hálfðánarson	SH	00:54:94	12.11.2021	Hafnarfj
50m flugsund	Birnir Freyr Hálfðánarson	SH	00:25:33	12.11.2021	Hafnarfj
50m bringusund	Snorri Dagur Einarsson	SH	00:28:40	13.11.2021	Hafnarfj
50m flugsund	Fannar Snævar Hauksson	ÍRB	00:25:12	14.11.2021	Hafnarfj
50m flugsund	Birnir Freyr Hálfðánarson	SH	00:24:68	14.11.2021	Hafnarfj

Telpnamet

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
100m fjórsund	Sunna Arnfinnsdóttir	Ægir	01:06.64	12.11.2021	Hafnarfj

Drengjamet

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
100m skriðsund	Björn Yngvi Guðmundsson	SH	00:54:38	13.11.2021	Hafnarfj

Boðsund Karla

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
4x50m skriðsund	A- sveit SH	SH	01:31:69	14.11.2021	Hafnarfj

Blönduð boðsund

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
4x50m skriðsund	A- sveit SH	SH	01:36.95	13.11.2021	Hafnarfj

7. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
19.10.2021	Letter 2 og3 Len Bureau	LEN
20.10.2021	Extraordinary LEN Congress, protest letter from Portuguese Swimming fede	FINA
25.10.2021	Nomination official - FINA World Swimming Championship 2022	LEN
03.11.2021	Extraordinary Congress 2022 - Convocation letter	FINA
05.11.2021	Letter to LEN Federations - Clarification re Europe 4 All	LEN
08.11.2021	Formanna fundur fyrrafundarboð	ÍSÍ

Önnur mál:

- Samningur hefur verið gerður við Nova um öll fjarskipti fyrir SSÍ. Samningurinn sparar um 30-40 þús kr á mánuði m.v fyrri samning við Vodafone.
- Afmælisnefnd hefur verið að störfum það hefur verið reynt ítrekað að skipuleggja einhverskonar afmælisveislu þar sem hreyfingin boðið að fanga tilefninu. Ástandið í þjófélaginu síðastliðin ár hefur komið í veg fyrir það. Í stað þess hefur verið ákveðið að senda helstu sjálfboðaliðum og virkum aðilum innan hreyfingarinnar jólaglaðning í staðinn.
- Mikil ólga hefur verið undanfarið innan LEN sem eru alþjóðasamtökin innan Evrópu. 30 þjóðir hafa beðið um að haldið verði aukafing til að steypa núverandi formanni af stóli. Það lítur allt út fyrir að þetta aukafing verði haldið í byrjun febrúar á næsta ári.

- d) Vegna þessa ástands innan LEN eru aðilar innan NSF, norræna sambandsins, búnir að „hittast“ reglulega á fjarfundum og fara yfir stöðuna.
- e) Haldin verður fundur framkvæmdastjóra sundsambanda innan NSF í janúar.
- f) Ársþing FINA verður haldið 18. desember n.k í sameinuðu arabísku furstadæmunum. Fulltrúar Íslands munu taka þátt í fundinum í gegnum fjarfundabúnað.

Ekki meira rætt og fundi slitið kl: 19.20